

## Fundargerð

32. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ fimmtudaginn 15. febrúar 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ. Forföll: Fríða Rún Þórðardóttir og Lóa Björk Hallsdóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 31. fundar staðfest milli funda. Staðfest þátttaka (val) á HM í Birmingham 1.3-4.3.2018.

### 2. FRÍ þing

Stjórn FRÍ fór yfir skipulagsmál vegna þingsins, dagsetningar og annan undirbúning s.s. ársskýrslu, ársreikning og leiðir til að gera þingið sem mest rafrænt. Farið yfir aðkomu Kópavogsbæjar sem gestgjafa. Ákveðið að senda strax út póst á nefndir vegna ársskýrslu, aðildarfélög vegna tímasetninga s.s. lagabreytinga en einnig að birta upplýsingar til ítrekunar á samfélagsmiðlum og heimasíðu. 35 dagar til stefnu.

### 3. Siðareglur og siðamál

Tekin upp umræða frá stjórnarfundi 17.01 sl. Farið yfir reglupakka sem varaformaður hafði sent út uppfærðan fyrir fundinn. Rætt um aðkomu ÍSÍ og litið á málið heildrænt. Þar sem varaformaður var ekki á fundinum vegna forfalla (keppni í snjóruðningi Smáibúðahverfisins) var ákveðið að vísa málinu til næsta fundar. Ítrekað var að sent yrði erindi til ÍSÍ og kallað eftir viðbrögðum um auknu samvinnu um lausnamiðaðar aðgerðir og regluverk innan íþróttahreyfingarinnar s.s. umboðsmanns iðkenda.

### 4. Fjármál

Formaður sagði frá því að skrifstofuhópurinn hefði komið saman og unnið góð störf. Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun 2018, sem rædd hafði verið í drögum á stjórnarfundum þar á undan. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kostnaðaráætlun um mótahald erlendis. Fjárhagsáætlunin borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Þá gerði gjaldkeri grein fyrir rammaáætlun 2019-2020 sem byggir að nokkru á sömu umsvifum en tekjubátturinn er alltaf ráðandi er varðar kostnaðinn. Gjaldkeri á von á að ársuppgjör verði til staðar á næsta fundi í drögum, enda styttest í FRÍ þing.

### 5. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri tilkynnir að í framhaldi af samþykkt fjárhagsáætlunar verði strax auglýst eftir verkefnastjóra í fullt starfshlutfall. Núverandi verkefnastjóri mun starfa fram yfir FRÍ þing.

### 6. RIG

Rætt um framkvæmd mótssins, en skilað hefur verið inn ýmsum upplýsingum um það sem fór vel og það sem mætti bæta um betur fyrir næsta ár. Tekið saman í RIG möppu. Stangastökkeppnin riðlaðist verulega en einnig þarf að slípa betur aðkomu RÚV. Gerð

grein fyrir að undantekningalaust þökkuðu erlendu keppendur og starfslið þeirra vel fyrir góðar móttöku en um 30 útlendingar komu til landsins auk nokkurra áhorfenda sem fylgdu sínum keppendum til landsins. Stjórn FRÍ er sammála um að RIG er góð landkynning. Stjórn FRÍ þakkar öllum þeim sem komu að RIG verkefninu, leiðtogum og öllu starfsliði m.a. starfsmönnum FRÍ en verulegt álag er alltaf á starfsmönnum vikurnar fyrir RIG.

## 7. Önnur mál

- Mótahald. Rætt almennt um mótahald, skipulagningu, fagmennsku og speglun þess við sjálfboðastarf. Rætt um flóknar framkvæmdir og mikla aðkomu starfsliðs en um leið mikilvægi þess að mótahald sé gefandi og skemmtilegt. Rætt um skráningar m.t.t. persónuverndar. Ákveðið að ræða betur á næsta fundi með tilvísun til FRÍ þings.
- Þjóðarleikvangur í Laugardal. Erindi FRÍ var tekið fyrir í borgarráði þar sem borgarráð lýsir yfir stuðning við óskir FRÍ um þjóðarleikvang í Laugardal. Engin viðbrögð komin frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu en stjórn FRÍ vonar að ráðuneytið taki í sama streng og FRÍ og Reykjavíkurborg.
- Málþing fræðslu- og útbreiðslunefndar. Málþing varðandi málefni 11-14 ára aldurshópsins var haldið laugardaginn 3. febrúar kl. 15-17. Kynntar voru niðurstöðum könnunar auk þess ræddar tillögur/vinnupunktar til FRÍ um málefnið. Markmið málþingsins var að gefa FRÍ skýrari hugmyndir um hvernig þjálfarar/fólk í hreyfingunni sér fyrir breytt fyrirkomulagi í keppni fyrir 11-14 ára hópinn þannig með það að markmiði m.a. að fjölga iðkendum auk ýmissa annarra markmiðssetninga. Málþingið tókst vel og niðurstöður verða kynntar stjórn FRÍ fljótlega með tilvísun til FRÍ þings.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með flutningi Dagnýjar, sönglags heiðursborgara Kópavogs, nákvæmlega kl.18:35.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*